

Nefndarálit Alþingis: Til allsherjarnefndar og efnahags- og viðskiptanefndar.

Alþingi

Erindi nr. B 120/1571

komudagur 18.4.1996

Reykjavík, 17.04.1996

Hugleiðingar um frumvörp um stéttarfélög og vinnudeilur og réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Hugleiðingar þessar eru sett fram af undirrituðum á hans ábyrgð og án nokkurs utan að komandi þrýstings. Reynsla mín sem starfsmaður Kjararannsóknarnefndar í 5 ár, fastur kennari í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands í 5 ár og búseta erlendis í 9 ár eru sá bakgrunnur sem myndar mínar skoðanir. Ég fagna því að menn skuli vera farnir að skoða vinnulöggjöfina eftir næstum 60 ár. Þetta vandasama verk er löngu tímabært. Fyrirliggjandi frumvörp þurfa mikla og vandaða umfjöllun. Ég upplifi anda frumvarpanna sem jákvæðan en mig grunar að margir tæknilegir agnár leynist í þeim drögum sem fyrir liggja.

Í frumvarpinu um stéttarfélög og vinnudeilur er hlutverk sáttasemjara mjög stórt. Það var stórt fyrir. Í þau 5 ár sem ég starfaði hjá Kjararannsóknarnefnd í sömu húsakynnum og ríkissáttasemjari varð ég vitni af mikilli starfsemi, mörg mannaár í deilur og þref. Álagið á sáttasemjara var mikið. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sáttasemjari geti við vissar aðstæður borið upp miðlunartillögu. Virðist mér að gert sé ráð fyrir að hann semji tillöguna sjálfur. Slíkt getur vafalaust stundum tekist vel en mig grunar að slíkt muni ekki alltaf ganga vel. Í vinnumarkaðshagfræðinni er stungið upp á annari hugmynd. Hún er sú að miðlunartillagan sé krafa annars hvors aðilans. Sáttasemjari ákveður hvora kröfuna skuli nota. Slíkt léttir álagi af sáttasemjara, jafnframt sem aðilar verða að vera ábyrgari í kröfum sínum. Þetta kallar hins vegar á að í samfélaginu séu stundaðar virkar kjara- og vinnumarkaðsrannsóknir svo sáttasemjari hafi trausta viðmiðun í hvor krafan sé meir í samræmi við markaðinn.

Hvort sem okkur líkar betur eða verr mun frelsið til að standa utan félaga koma hingað. Einstökum félögum mun ekki verða stætt á að þvinga (með samningum) þá sem vilja vinna á einhverjum vinnustað til að borga skatt til ákveðins félags. Annað hvort tókum við

Þetta upp hjá sjálfum okkur eða verðum þvingaðir til þess síðar. Ég bjó í 9 ár erlendis, mest í Svíþjóð þar sem er hefð fyrir almennri aðild að stéttarfélögum. Á mínum vinnustað, í Svíþjóð, móðgust nokkrir menn við félag sitt og hættu að borga í það. Það var ekki erfiðara en að segja upp áskrift að dagblaði. Þessir starfsmenn urðu þó að una því að félagið hélt áfram að semja um þau laun sem greidd voru á vinnustaðnum.

Menn ættu að hugleiða hvernig verkföll eru framkvæmd hér á landi og bera saman við nágrannalönd. Það er ekki náttúruleg mál að þau eigi að framkvæma eins og þau hafa oftast verið framkvæmd á Íslandi síðustu ár. Þetta á sérstaklega við um verkföll opinberra starfsmanna. Í Svíþjóð var mikið rætt um það að gæta þess að verkföll bitnuðu sem minnst á þriðja aðila en hér á landi virðist mórallinn vera sá að verkföll eigi að bitna á þriðja aðila til að skapa aukinn þrýsting. Á nýlegum félagsfundi í mínu félagi (félag háskólakennara) voru menn sem sögðu að nú væri verkfall eina leiðin til að þrýsta á um kjarabætur. Við gætum myndað verulegan þrýsting með því að hindra nemendur í að taka próf svo þeir fengju ekki námslán og e.t.v. koma þeim í vanda í bankakerfinu. Ég held að það væri rétt að Alþingi léti gera samanburð milli landa á framkvæmd verkfalla. Til dæmis hversu margir leggja niður störf. Mín upplifun í Svíþjóð var að mjög fáir leggðu niður störf í verkfalli og að félagið hefði ekkert að segja um hvort utanfélagsmenn færu í verkfall eða ekki. Hvernig hefði t.d. nýlegt verkfall meinatækna verið framkvæmt ef það hefði verið í Svíþjóð?

Mikilvægt er að um svona breytingar sé sem víðtækust sátt í þjóðfélaginu. Ekki má skerða kjör með skilgreiningu nýrra leikreglna og helst enginn má fá á tilfinninguna að sé verið að skerða kjörin. Þess vegna er mikilvægt að orð forsætisráðherra í DV 11/4/96 séu einhvern veginn staðfest í lagatextanum.


Að lokum nokkrir punktar sem snúa að kennurum Háskóla Íslands. Þeirri hugmynd hefur verið teft fram að kljúfa eigi fasta kennara Háskólans í tvennt, þ.e. lektorar og dósentar verði sér með verkfalls og samningsrétt en prófessorar undir kjaranefnd án verkfalls- og samningsréttar. Mér finnst þetta óeðlilegt ósamræmi. Við þetta gæti farið svo að háskólakennarar yrðu í miklum minnihluta í eigin félagi þegar hluta þeirra kippt út úr félaginu.

Orð forsætisráðherra um að menn haldi réttindum sínum um og þeim réttindum sem þeir geta vænst samkvæmt gildandi reglum tel ég eiga við um okkar lífeyriskerfi og möguleika um framgang milli stöðuheita.

Ríkið verður umfram allt að gæta samræmis í sinni launastefnu (ekki lítil krafa). Með

samræmi er átt við að t.d. sérfræðingur hjá einni stofnun á að vera að svipuðum kjörum og sams konar sérfræðingur hjá annari stofnun. Eðlilegt er einnig að yfirmenn séu í herra launaflokk en undirmenn, lektor í háskóla í herra flokki en framhaldsskólakennari eða nýútskrifaður nemandi hans í starfi hjá ríkinu o.s.frv. Jafnframt verður að taka tillit til almenns vinnumarkaðar. Að erfiðlega hafi gengið að framfylgja svona samræmingarstefnu er ekkert séríslenskt vandamál. Ég veit til að fyrir nokkrum árum stóð Washington fylki frammi fyrir svipuðu í sambandi við ríkissháskólann þar. Vanrækt hafði verið að aðlaga laun starfsmanna þess háskóla um nokkurra ára skeið. Ríkið stóð því skyndilega frammi fyrir því að þurfa að ganga fram í stórum stökkum. Slík stökk valda alltaf óánægju einhvers staðar, t.d. eru aðrir sem bera sig saman við slík stökk. Lendingin varð einhvers konar 3-5 ára aðlögun.

virðingarfyllt



Helgi Tómasson

Helgi Tómasson

Dósent í tölfræði við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands

Oddi v/ Sturlugötu

IS-101 Reykjavík, Ísland

email:helgito@hag.hi.is

menntar sem ekki
gætu frá við úr ríkis-
lösynlegt að fá það
r væri afstaða rík-
í málinu. Það hef-
misvísandi hvað
Friðrik hafa sagt í
líseyrismál, okkar
svar forsætisráð-
á hnútinn þótt
sér stað skrytinn

samtakanna sögðu í samtali við
DV að það hefði verið mjög ein-
kennilegt að verða vitni að þess-
ari snuprun forsætisráðherra á
~~fiármálaráðherra sínum~~

„Davíð hefur áður sagt að við
myndum halda öllum áunnum
réttindum. Nú bætti hann því við
að menn myndu halda þeim og
þeim rétti sem menn hefðu getað
vænst að ávinna sér samkvæm
gildandi lögum. Ef menn fara að

þa sýnist illt
að fá það
þar af leiðan
flutning grun-
félaganna me-
ist að nýju,
son.

Hann sagði
verið stjórn-
kennarafélög
þar sem þess
umræðu.

DV

11/4/96